



**454. fundur  
haldinn í bæjarráðssal,  
fimmtudaginn 22. október 2009 og hófst hann kl. 17.00**

**Fundinn sátu:** Elísabet Lára Björgvinsdóttir formaður, Gretar D. Pálsson, Lárus Á. Hannesson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Elísabet Lára Björgvinsdóttir formaður setti fund og fól Erla Friðriksdóttur bæjarstjóra fundarstjórn.

**Fundargerðir nefnda.**

- 1. 0910020 - Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 13.10.2009 (74. fundur).**  
Fundargerð framlögð liður 1 hækkun á gjaldskrá þ.e. árgjald og sektir samþykkt.  
Fundargerð samþykkt.
- 2. 0910014 - Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 12.10.2009 (34. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 3. 0910011 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 08.10.2009 (62. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 4. 0910010 - Fundargerð fræðslunefndar, dags. 07.10.2009 (101. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 5. 0910008 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 06.10.2009 (39. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 6. 0909043 - Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 28.09.2009 (25. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 7. 0910025 - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 01.09.2009 (131. fundur).**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.

**Aðrar fundargerðir**

- 8. 0910024 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 09.09.2009 (105. fundur), ([www.breidafjordur.is](http://www.breidafjordur.is)).**  
Framlagt.
- 9. 0910019 - Fundargerð búsetuhóps Stykkishólmsbæjar, dags. 12.10.2009 (4. fundur).**  
Framlagt.
- 10. 0910018 - Fundargerð búsetuhóps Stykkishólmsbæjar, dags. 30.09.2009 (3. fundur).**  
Framlagt.
- 11. 0910004 - Fundargerð Menningarráðs Vesturlands, dags. 24.08.2009 (33. fundur).**  
Framlagt.
- 12. 0909037 - Fundargerð stýrihóps um mótun fjölskyldustefnu, dags. 23.09.2009 (15. fundur).**  
Framlagt.



## Lóðaumsóknir.

- 13. 0910001 - Lóðarumsókn Skipavíkur ehf., dags. 31.09.2009 um reit B á deiliskipulagi miðbæjar við Skólastíg.**  
Samþykkt að úthluta Skipavík ehf. lóðina á reit B á deiliskipulagi miðbæjar við Skólastíg.
- 14. 0910026 - Lóðarumsókn Narfeyri ehf., dags. 16.10.2009 um Skúlagötu 25.**  
Samþykkt að úthluta Narfeyri ehf. lóðina Skúlagötu 25.
- 15. 0910034 - Lóðarumsókn Hönnu Maríu Björgvinsdóttur og Hinriks Axelssonar, dags. 14.10.2009 um Skúlagötu 23.**  
Samþykkt að úthluta Hönnu Maríu Björgvinsdóttur og Hinriki Axelssyni lóðina Skúlagötu 23.

### Erindi til kynningar

- 16. 0910032 - Heimsfaraldur influensu Snæfellsness-drög og viðbragðsáætlun Stykkishólmur.**  
Framlagt. Erla bæjarstjóri gerði grein fyrir drögum og viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldur influensu fyrir Stykkishólm.
- 17. 0910030 - Tölvupóstur SSV, dags. 29.09.2009 varðandi þingmannafund 26. október nk. kl. 13.**  
Framlagt.
- 18. 0910021 - Bréf EBÍ, dags. 12.10.2009 varðandi ágóðahlutagreiðslu 2009.**  
Framlagt.
- 19. 0910016 - Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 06.10.2009 varðandi áætlun um heildargreiðslu sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum fjárhagsárið 2010.**  
Framlagt.
- 20. 0910015 - Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 02.10.2009 varðandi almennan notendahugbúnað í íslensku skólakerfi.**  
Framlagt.
- 21. 0910013 - Bréf EBÍ, dags. 06.10.2009 varðandi úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2009.**  
Framlagt.
- 22. 0910012 - Bréf Eldstoða ehf., dags. 06.10.2009 varðandi sameiginlega æfingu slökkviliðanna á norðanverðu Snæfellsnesi.**  
Framlagt. Bæjarráð tekur undir orð Eldstoða ehf. að sveitarfélög á Snæfellsnesi hafa yfir frábærum björgunarliðum að ráða.
- 23. 0910009 - Bréf Eflingar, dags. 06.10.2009 varðandi svar við bókun varðandi framkvæmd Danskra daga þann 25. ágúst 2009.**  
Framlagt.
- 24. 0910005 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28.09.2009 varðandi skólaþing sveitarfélaga (02.11.2009).**  
Framlagt.
- 25. 0910003 - Bréf KSÍ, dags. 05.10.2009 varðandi knattspyrnuvöllinn í Stykkishólmi.**  
Framlagt. Bæjarráð þakkar fyrir innsenda afsökunarbeiðni.
- 26. 0910002 - Ályktun Barnaheilla á Íslandi til ríkisstjórnar og sveitarfélaga, dags. 30.09.2009.**  
Framlagt.
- 27. 0909044 - Bréf Sæferða, dags. 30.09.2009 varðandi stöðu samnings Sæferða við**



**Vegagerðina um vetrarferðir yfir Breiðafjörð.**

Framlagt.

- 28. 0909042 - Bréf UMFÍ, dags. 21.09.2009 varðandi Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Dalabyggð.**

Framlagt.

- 29. 0909041 - Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 25.09.2009 varðandi ársfund Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga árið 2009 (6. nóvember 2009).**

Framlagt.

- 30. 0909040 - Bréf SHA, dags. 24.09.2009 varðandi boð á ársfund Sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi (7. okt. 2009).**

Framlagt.

- 31. 0909038 - Bréf umhverfissráðuneytis, dags. 22.09.2009 varðandi VI. umhverfisþing (9.-10. október 2009).**

Framlagt. Gretar vill vekja athygli á hve umhverfismál í Stykkishólmi hafa fengið jákvæða umfjöllun.

**Erindi til afgreiðslu/umsagnir**

- 32. 0910022 - Bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 12.10.2009 varðandi auglýsingu til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2009/2010.**

Bæjarráð samþykkir að sækja um byggðakvóta fiskveiðiárið 2009-2010 og bæjarráð fagnar því hve snemma þetta er auglýst.

- 33. 0910017 - Bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 08.10.2009 varðandi beiðni um athugasemdir vegna mögulegrar endurskoðunar jarða- og ábúðarlaga.**

Framlagt.

- 34. 0910023 - Tillaga bæjarstjóra að greiðslutilhögun vegna greiðslu gatnagerðagjalda húsa við Laufásveg (eldri hluti) og Höfðagötu (Skólastígs megin).**

Greiðslutilhögun samþykkt með áorðnum breytingum.

- 35. 0910029 - Bréf Ástu S. Kristjánsdóttur, verkefnisstjóra Snorraverkefnis, dags. 19.10.2009 varðandi stuðning við Snorraverkefnið sumarið 2010.**

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

- 36. 0910031 - Skýrsla NSV um ágengar plöntur í Stykkishólmi (september 2009).**

Bæjarráð þakkar Náttúrustofu Vesturlands vel unna skýrslu. Samþykkt að vísa skýrslu til umsagnar í umhverfisnefnd.

- 37. 0910033 - Drög að ályktun vegna Ferjunnar Baldurs.**

Bæjarráð Stykkishólms skorar á samgönguyfirvöld að hverfa frá öllum hugmyndum um niðurskurð á ferðum Ferjunnar Baldurs yfir Breiðafjörð og ganga til samninga við rekstraraðila um áframhaldandi daglegar ferjusiglingar yfir fjörðinn. Ferjan Baldur er gríðarlega mikilvæg fyrir atvinnulíf beggja vegna Breiðafjarðar. Ferjan gegnir stóru hlutverki í aukinni samvinnu þeirra sem búa við Breiðafjörðinn. Mikilvægi ferjunnar er ekki síst í tengslum við fiskvinnslu, skólaþróun og ferðaþjónustu þar sem treyst er á tryggar ferðir allan ársins hring og mikil verðmæti eru í húfi. Bæjarráð vill einnig benda á að Ferjan Baldur getur verið mikilvægur hlekkur í neyðaraðstoð við Vestfirði ef vá ber að dyrum.

Það er ljóst að niðurskurður myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulíf og búsetuskilyrði í Stykkishólmi og þar af leiðandi afkomu sveitarfélagsins. Nú



Þegar hefur öllum starfsmönnum á Ferjunni Baldri verið sagt upp þar sem óvissa er um áframhaldandi rekstrargrundvöll á meðan ekki er gengið til samninga og daglegar ferðir tryggðar. Ef ferðum verður fækkað tapast störf, ekki einungis í tengslum við ferjuna heldur einnig hjá þeim sem þjónustað hafa ferjuna og notendur hennar s.s. iðnaðarmönnum, verslunar- og ferðaþjónustuaðilum og fiskverkendum.

Bæjarráð tekur heilshugar undir þær ályktanir sem sveitarfélög og atvinnusamtök á Vestfjörðum hafa sent frá sér undanfarið varðandi ferðir Ferjunnar Baldurs.

Bæjarráð Stykkishólms skorar á stjórnvöld að styðja áfram við ferjurekstur yfir Breiðafjörð þar sem daglegar ferðir yfir fjörðinn verði tryggðar.

**38. 0910039 - Samþykkt um forkaupsrétt Stykkishólmsbæjar að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Erindi vísað til bæjarstjórnar.

**39. 0910040 - Fundur með stjórn Ræktunarfélags Stykkishólms, frá bæjarráðsfundi nr. 452.**

Bæjarráð samþykkir að hraða deiliskipulagsvinnu á Nýræktarsvæðinu.

**40. 0910041 - Tillaga Gretars D. Pálssonar um nýja þjónustuíbúð og breytta félagsaðstöðu fyrir aldraða.**

**Ný þjónustuíbúð - Breytt félagsaðstaða**

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar samþykkir að aðstaðan að Skólastíg 16 á fyrstu hæð sem nú hýsir fönður og félagsstarf aldraða verði breytt í þjónustuíbúð. Jafnframt verði fönður og félagsstarf aldraðra sem þar hefur verið flutt yfir í vestari hluta svokallaðs kálfs við Tónlistarskólann.

Greinagerð.

Allnokkur spurn er eftir þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Ofnagreind tillaga er skref í átt til þess að mæta eftirspurninni með tiltölulega litlum tilkostnaði. Nú þegar liggur fyrir að Aftanskin félag eldri borgara fær hluta kálfsins til afnota fyrir sitt félagsstarf.

Með flutningi almenns félagsstarfs aldraða í sama húsnæði er með góðu samstarfi hægt að samnýta þessar tvær stofur í kálfinum við ýmis tilefni í þágu aldraðra og jafnvel annarra, s.s. opið hús fyrir börn og unglunga.

Ekki er gert ráð fyrir öðru en að félagsstarf sem tengist Dvalarheimilinu sjálfu og dvalargestum þess verði áfram innan veggja dvalarheimilisins, ýmist í matsal eða setustofu.

Gretar D. Pálsson  
Forseti bæjarstjórnar

**41. Umræða var um opinber störf í Stykkishólmi.**

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Þór Örn Jónsson